

Íbúaráð Reykjavíkurborgar

Efni:

Kosningar í Hverfið mitt – íbúaráð Laugardals

Til upplýsingar til íbúaráða Reykjavíkurborgar.

Nú stýttist í kosningu í lýðræðisverkefninu Hverfið mitt sem mun fara fram frá 30. september til hádegis þann 14. október. Kosningin er rafræn og geta allir sem eru fæddir árið 2006 eða fyrr og eiga lögheimili í Reykjavík tekið þátt. Til að geta kosið þarf að vera með rafræn skilríki í síma eða Íslykil, atkvæðin eru dulkóðuð og kosningin því leynileg. Allar nánari upplýsingar um auðkenni má nálgast á www.audkenni.is og um Íslykil á www.island.is/islykill.

Það tekur mjög stutta stund að taka þátt og einfalt að kjósa í snjallsímum eða í tölvu á www.hverfidmitt.is, þegar opnað hefur verið fyrir kosningu þann 30. september. Nánari upplýsingar um kosningarnar í Hverfið mitt má nálgast á [vefsíðu Reykjavíkurborgar](http://vefsíðu.Reykjavikurborgar).

Meðfylgjandi er listi yfir hugmyndir sem verða í kosningu í Laugardal.

Aðstoð við að kjósa er hægt að fá í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, og á öllum fimm þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar á meðan kosning stendur yfir. Nánari upplýsingar um þjónustumiðstöðvar borgarinnar er hægt að nálgast á www.reykjavik.is/thjonustumidstodvar.

Undirritaður hvetur íbúaráð Laugardals eindregið til að taka þátt í því með okkur að vekja athygli á kosningunni þegar hún hefst og hvetja íbúa hverfisins til að taka þátt og kjósa þær hugmyndir sem þeir vilja sjá verða að veruleika í hverfinu sínu.

Bestu kveðjur

Eiríkur Búi Halldórsson

Hjálagt:

Listi yfir hugmyndir í kosningu í Laugardal

